

Nd.

561. Breytingartillögur

[9. mál]

við frv. til laga um grunnskóla.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Við 32. gr. Fyrsta mgr. orðist svo:
Fræðsluráð skipar eða setur kennara við skóla, sem starfa samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra.
2. Við 33. gr.
 - a) Við 1. mgr. Síðari málsl. orðist svo:
Fræðslustjóri auglýsir stöðuna, ef um kennarastöðu er að ræða, annars tilkynnir hann menntamálaráðuneyti, sem þá auglýsir stöðuna.
 - b) 3. mgr. orðist svo:
Fræðslustjóri sendir tillögur og umsagnir um veitingu á skólastjórastöðum til menntamálaráðuneytisins, en leggur tillögur og umsagnir um veitingu á kennarastöðum fyrir fræðsluráð.
 - c) Við 5. mgr. Í stað orðanna „getur menntamálaráðuneytið“ komi: getur menntamálaráðuneytið eða fræðslustjórar.
3. Við 35. gr. 1. mgr. orðist svo:
Skólastjóri, sem skipaður er, settur eða ráðinn til starfs við grunnskóla, skal gegna því samkvæmt lögum og erindisbréfi, er menntamálaráðuneytið setur, en kennari samkvæmt lögum og erindisbréfi, er fræðsluráð setur.